

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Tunguskeið, Aspar-, Eikar- og Grenilund, Ísafirði.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 17. júlí 2006 var samþykkt breyting á deiliskipulagi fyrir Tunguskeið, Asparlund, Eikarlund og Grenilund, Ísafirði.

Breytingin felur í sér að lóðir nr. 7 og 8 við Grenilund og Eikarlund stækka og byggingarreitir á öllum lóðum stækka, nema á lóðum nr. 7 og 8 við Asparlund sem haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 29. janúar 1998.

Ísafirði, 31. janúar 2007.

Jóhann B. Helgason, sviðsstjóri umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2007